

Upplýsinga- og tæknimennt		2. bekkur
Kennarar: Gunna Sigga, Krissa og Stella		
Tíma fjöldi: 1 kennslustund		
Menntagildi námsgreinar: Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér, miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þá gagnrýnið mat. Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við. Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.		
Námsþættir:	Hæfniviðmið	
Vinnulag og viðbrögð	Nemandi getur: • nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju • nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag • gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði • beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu	
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	• nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni	
Tækni og búnaður	• notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni • notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu	
Sköpun og miðlun	• notað hugbúnað/forrit	
Siðferði og öryggismál	• farið eftir einföldum reglum	
Lykilhæfni	• gert sér grein fyrir gildi ábyrgrar netnotkunar	

Kennsluhættir: Nemendur fara reglulega í tölvuver og vinna ýmis verkefni sem tengja má inn í annað skólastarf. Einnig fá nemendur að vinna ýmis verkefni á ipad.

Námsmat: Upplýsinga og tæknimennt er kennd þvert á námsgreinar. Kennari fylgist vel með þátttöku og framförum nemenda í kennslustundum.

Námsefni: Word, kennsluforrit, Paint og námsvefir.